



Vextir og bindiskylda við Seðlabanka Íslands

Vextir gilda frá og með 4. október 2023

Bindihlutfall gildir frá og með 21. október 2023

Með vísan til ákvörðunar peningastefnunefndar, dags. 4. október 2023, ákveður Seðlabanki Íslands, skv. 22. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands, sbr. 10. gr. sömu laga, að vextir fjármálafyrirtækja við Seðlabankann skuli verða eins og að neðan greinir.

	Vextir á ári ¹
1. Daglán	11,00%
2. Lán gegn veði til 7 daga	10,00%
3. Innlán bundin í 7 daga	9,25%
4. Viðskiptareikningar	9,00%
5. Bindiskyldar innstæður, meðaltalsuppfyllt	9,00%
6. Bindiskyldar innstæður, föst	0,00%

Aðrir vextir eru ákveðnir af bankastjóra hverju sinni.

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi falla úr gildi eldri tilkynningar um vexti og bindiskyldu við Seðlabanka Íslands.

Með vísan til ákvörðunar peningastefnunefndar, dags. 4. október 2023, ákveður Seðlabanki Íslands, skv. 23. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands, sbr. 10. gr. sömu laga, sbr. og 1. mgr. 4. gr. og 6. gr. reglna Seðlabankans nr. 585/2018 um bindiskyldu, að bindihlutfall liða í bindigrunni, svo og skipting bindihlutfalls milli fastrar bindiskyldu og meðaltalsuppfyllingar, skuli verða eins og að neðan greinir:

Bindihlutfall af bindigrunni, föst bindiskylda	2,00%
Bindihlutfall af bindigrunni, meðaltalsuppfyllt bindiskylda	0,00%
Heildarbindihlutfall af bindigrunni	2,00%

Reykjavík, 4. október 2023

SEÐLABANKI ÍSLANDS

¹ Dagaregla: raun/360